



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

ÁRANGURSSKÝRSLA 2010

MAÍ 2011



EFNISYFIRLIT

1.0 INNGANGUR	4
2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR	4
3.0 ÞJÓNUSTA	5
3.1 Mælikvarðar	5
3.1.1 Fréttir á vef FSR	5
3.1.3 Verkfundagerðir á verkefnavef.....	6
3.1.4 Hlutfall fjárhagsyfirlita af virkum verkum sent til verkkaupa.....	6
3.1.6 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að frádragnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5%	7
4.0 FJÁRMÁL FSR	8
4.1 Mælikvarðar	8
4.1.1 Endurskoðaðar greiðsluáætlanir.....	9
4.1.2 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR	9
4.1.3 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu	9
4.1.4 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu.....	9
4.1.5 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun	9
4.1.6 Hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun.....	10
4.1.7 Hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun.....	10
5.0 INNRA STARF	11
5.1 Mælikvarðar	11
5.1.1 Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað	11
5.1.2 Útbúið kynningarefni vegna afmælis FSR.....	11
5.1.5 Fjöldi fundargerða faghópa á Verkefnavefnum	11
6.0 MANNAUÐUR	13
6.1 Mælikvarðar	13
6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda.....	13
6.1.2 Áætla hverjum starfsmanni fjármagn til símenntunar.....	13
7.0 FRUMKVÆÐI	14
7.1 Mælikvarðar	14
7.1.1 Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir	15
7.1.2 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum	15
7.1.3 Öryggisfulltrúi FSR kannar framfylgni öryggisreglna á verkstöðum	15
7.1.4 Verklagsregla um notkun öryggisbúnaðar á verkstað	15
7.1.5 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR.....	15
7.1.6 Innleiðing BIM.....	15
7.1.8 ÖHU áætlanir í verkum	16
7.1.9 Fundir með samstarfsaðilum	16
7.1.10 Gæðabókhalda hönnuða og verktaka.....	16
7.1.11 Fundur FSR með fulltrúum SI til að kynna markmið FSR um slysalausa vinnustaði	16

7.1.12 Fjöldi verka á Verkefnavef	16
7.1.13 Minnkuð orkunotkun	16
7.1.14 Árlegt hlutfall verkefna með umhverfisstefnu í verksamningi miðað við árið áður.....	17
8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2010	18
8.1 Laun	19
8.2 Ferðir og fundir	19
8.3 Almennar rekstrarvörur	19
8.4 Aðkeypt þjónusta.....	19
8.5 Húsnæði	19
8.6 Bifreiðar og vélar	19
8.7 Vextir, skattar og afskriftir	19
8.8 Eignakaup.....	19
8.9 Tekjur.....	19
8.10 Niðurstaða ársins	19
9.0 LOKAORD.....	20

1.0 INNGANGUR

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur frá árinu 2003 unnið í anda gæðastjórnunar, eins og hún er sett fram í alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

Í október 2004 tók Framkvæmdasýslan upp aðferðafræði samhæfðs árangursmats sem hluta af gæðastjórnun sinni og í tengslum við það hafa verið sett upp stefnukort og skorkort fyrir stofnunina.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir árangri Framkvæmdasýslunnar á árinu 2010, bæði hvað varðar þjónustu, fjármál, innra starf, mannauð og frumkvæði, og er það meðal annars gert með því að birta og fjalla um niðurstöður mælinga á mælikvörðum í skorkortinu. Hver vídd starfseminnar fær umfjöllun í sérstökum kafla og í síðasta kaflanum er farið yfir hvernig rekstraráætlun ársins 2010 stóðst, með því að bera saman áætlun og rauntölur.

2.0 VÍDDIR STARFSEMINNAR

Starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið flokkuð niður í fimm víddir: Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Mannauð og Frumkvæði. Hugmyndin er sú að í hverri vídd sé tekið á áhersluatriðum sem stofnunin hefur sett fram á viðkomandi sviði.

Samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats eru innan hversar víddar sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar sem tengjast þeirri starfsemi eða áherslum sem hver vídd skilgreinir.

Fjallað verður um hverja vídd fyrir sig í þeim köflum sem hér fara á eftir. Tekin verða fyrir þau verkefni og áhersluatriði sem tilheyra víddinni, ásamt þeim markmiðum og mælikvörðum sem þar eru sett fram.

Í hverjum kafla er sýnd skjámynd af niðurstöðum skorkortsins til frekari skýringar.


VÍDDIR	A Þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> ▲ A.1: <u>Veita viðskiptavinum góða þjónustu</u> ▶ A.2: <u>Viðhalda faglegum vinnubrögðum</u>
	B Fjármál	<ul style="list-style-type: none"> ▲ B.1: <u>Viðhafa markvissa stýrinqu fjármuna</u> ▶ B.2: <u>Halda fjármálum innan ramma áætlana</u>
	C Innra starf	<ul style="list-style-type: none"> ▼ C.1: <u>Hafa vel skilgreinda og skjalfesta verkferla</u> ▼ C.2: <u>Hafa markvissa og áreiðanlega upplýsingamiðlun</u>
	D Mannauður	<ul style="list-style-type: none"> ▲ D.1: <u>Hafa hæft starfsfólk hjá FSR</u> ▲ D.2: <u>Viðhalda góðri og öfluqri sérþekkingu</u>
	E Frumkvæði	<ul style="list-style-type: none"> ▲ E.1: <u>Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda</u> ▶ E.2: <u>Stuðla að þróun ráðgjafa- og verktakamarkaðar</u> ▼ E.3: <u>Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni</u> ▶ E.4: <u>Stuðla að gerð og útgáfu viðmiðana.</u>

Skorkort: Skjámynd af inngangssíðu Skorkorts FSR árið 2010.

3.0 ÞJÓNUSTA

3.1 Mælikvarðar

Hér er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir þjónustuvíddina árið 2010. Síðan er fjallað um hvern mælikvarða og stöðu hans í lok ársins.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2010, sem sýnir þjónustuvíddina með markmiðum og mælikvörðum.

3.1.1 Fréttir á vef FSR

FSR er þjónustustofnun og mikilvægt að hún miðli sem bestum upplýsingum um starfsemi sína til viðskiptavina sinna og almennings. Mælikvarðinn mælir fjölda birtra fréttu á vef FSR og var gert ráð fyrir 40 fréttum yfir árið. Séu fréttir færri en 39 verður mælikvarðinn á

gulu svæði og verði fréttir færri en 30 verður mælikvarðinn rauður.

Niðurstaða mælinga var 41 frétt sem gefur grænt svæði.



3.1.2 Fjárhagsyfirlit yfirfarin mánaðarlega

Þessi mælikvarði gerir ráð fyrir að kostnaðaráætlanir séu yfirfarnar mánaðarlega og fjárhagsyfirlitin uppfærð, þar sem það á við. Mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári.

Í lok reikningagerðar skal senda yfirlit með tölvupósti, þau sett inn á verkefnavef FSR eða með öðrum sannanlegum hætti komið til verkkaupa. Eftir að verkframkvæmd lýkur og þar til skilamati er lokið er ekki ástæða til að gefa út fjárhagsyfirlit.

Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 20% frávik fyrir gult svæði.

Á árinu 2010 tókst að uppfylla skilyrði þessa mælikvarða 100% og litur í skorkorti því grænn.

Er það ánægjulegur viðsnúningur frá árinu 2009 þegar miklir örðugleikar við innleiðingu Orra ollu því að ekki reyndist unnt að uppfylla skilyrðin það árið.



3.1.3 Verkfundagerðir á verkefnavef

Mikilvægt er Framkvæmdasýslan sem þjónustuaðili sjái til þess að fulltrúar ráðuneytanna

og stofnana þeirra hafi ávallt réttar upplýsingar um stöðu þeirra verkefna sem FSR er með í vinnslu fyrir þau hverju sinni. Til að tryggja góða miðlun upplýsinga um gang verka til viðskiptavina eru verkfundargerðir vistaðar á verkefnavef og stefnt að 2 verkfundagerðum á mánuði í hverju verki.

Þessi mælikvarði er skoðaður ársfjórðungslega. Ef markmiðið næst í 80% eða fleiri verka þá næst grænn litur, í yfir 65% þá næst gulur litur. Færri er rauður.

Á árinu 2010 voru skilyrði þessa mælikvarða uppfyllt að fullu og grænn litur fékkst í skorkort.

3.1.4 Hlutfall fjárhagsyfirlita af virkum verkum sent til verkkaupa

Fjárhagsyfirlitskal færa mánaðarlega inn á Verkefnavef FSR eða senda til verkkaupa með öðrum sannanlegum hætti ef um minni háttar verk er að ræða.

Þessi mælikvarði er skoðaður ársfjórðungslega og sýnir hlutfall þeirra verka (sem eru í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá FSR) þar sem fjárhagsyfirlit eru sett á Verkefnavefinn.

Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænt svæði á hverjum ársfjórðungi og 25% frávik fyrir gult svæði.

Niðurstaða ársins 2010 varð að skilyrði mælikvarðans fyrir grænum lit voru uppfyllt á þremur ársfjórðungum en á þriðja fjórðungi ársins var hlutfallið 83% og heildarniðurstaða ársins því sú að einungis næst gulur litur.



3.1.5 Mánaðarlegir fundir með fulltrúum SKÝRR

Til að starfsmenn FSR geti sinnt störfum sínum með skilvirkum og hagkvæmum hætti er nauðsynlegt að allur tölvu- og tækjabúnaður sem notaður er uppfylli þær kröfur sem gera má í stofnun sem FSR. Umsjónarmaður tölvubúnaðar fundar með fulltrúum SKÝRR mánaðarlega til að fylgjast með kvartana- og bilanatíðni og fer yfir fjölda og tilefni útkalla.

Þessi mælikvarði er skoðaður mánaðarlega og fæst grænn litur einn fund í mánuði en ef ekki er fundað verður mælingin rauð.

Niðurstaða ársins er að fundað var í hverjum mánuði þannig að mælingin fær grænan lit.



Mælingin er síðan í því fólgin að kanna hversu hátt hlutfall lokinna verka hefur haldist innan 5% viðmiðsins.

Markmiðið er 100% en leyft er 5% frávik fyrir grænt svæði og 15% frávik fyrir gult svæði.

Mælingin fer fram tvisvar á ári. Gefin voru út sjö skilamöt á fyrrihluta árs og í fjórum verkum var frávikið innan 5% markanna eða 57%. Mæling fyrri hluta ársins er því rauð. Á síðari hluta ársins var einungis gefið út eitt skilamat og var frávikið þar innan við 5% og því grænn litur í skorkortinu. Heildarniðurstaða ársins verður því er gulur litur í skorkorti.


3.1.6 Hlutfall verkefna þar sem frávik raunkostnaðar (að frádregnum viðbótarverkum) frá áætlun er minna en 5%

Þegar skilamat hefur verið gefið út fyrir ákveðið verk er raunkostnaðurinn, án kostnaðar við viðbótarverk, borinn saman við áætlunir.

4.0 FJÁRMÁL FSR

4.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða fjármálavíddarinnar og stöðu hans á árinu 2010. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2010, sem sýnir fjármálavíddina með markmiðum og mælikvörðum.

4.1.1 Endurskoðaðar greiðsluáætlanir

Mikilvægt er að innborganir til FSR frá viðskiptavinum sé í góðum takti við útstreymi fjármagns frá stofnuninni. Því er mikilvægt að fram fari reglubundin endurskoðun á greiðsluáætlunum viðskiptavinnanna, eftir því sem verk-in þróast.

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári. Þá er mælt hlutfallið af endurskoðuðum greiðsluáætlunum, sem eru í gildi á hverjum tíma í verklegum framkvæmdum.

Markmiðið er að minnsta kosti 90% greiðsluáætlana séu endurskoðaðar. Leyft er þó 20% frávik fyrir gult svæði.

Á fyrri árhelmingi voru endurskoðaðar greiðsluáætlanir í 67% verka en á þeim síðari var árangurinn 100%. Mælikvarðinn fyrir árið í heild er því gulur.



4.1.2 Fjöldi greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í verklegri framkvæmd í umsjón FSR

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjölda greiðsluáætlana sem hlutfall af fjölda verka í umsjón FSR. Markmiðið er 100% en leyft er 10% frávik fyrir grænt svæði og 30% frávik fyrir gult svæði.

Á fyrri helmingi ársins voru gerðar greiðsluáætlanir í 75% verka og í 80% verka á síðari hluta ársins. Mælikvarði ársins er því gulur.



4.1.3 Fjármagnskostnaður sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður tvisvar á ári og sýnir fjármagnskostnað FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en mjög stíf krafa er gerð varðandi þetta hlutfall. Leyft er 0,05% frávik fyrir grænt svæði og 0,1% frávik fyrir gult svæði.

Mælikvarðinn er grænn í báðum mælingum ársins og mælist 0%.

4.1.4 Afskrifaðar kröfur sem hlutfall af veltu

Þessi mælikvarði er skoðaður einu sinni á ári og sýnir afskrifaðar kröfur FSR sem hlutfall af veltu.

Markmiðið er 0% en leyft er 0,5% frávik fyrir grænt svæði og 2,0% frávik fyrir gult svæði.

Á árinu 2010 voru engar kröfur afskrifaðar þannig að gildi mælikvarðans fyrir árið 2009 er 0% og hann því grænn.

4.1.5 Hlutfallslegt frávik (tap) rauntalna frá áætlun

Rekstraráætlun FSR miðar við að stofnunin sé rekin á núlli ár hvert. Verði hagnaður af rekstrinum telst ekki um frávik að ræða í þessu tilliti.

Þessi mælikvarði mælir því eingöngu tap á rekstri. Markmiðið er 0% en leyft er 4,0% frávik fyrir grænt svæði og 10,0% frávik fyrir gult svæði.

Hagnaður var af rekstrinum árið 2010 svo þessi mælikvarði er grænn.

Frekari umfjöllun um samanburð á rauntölum við rekstraráætlun ársins er í kafla 8.

4.1.6 Hlutfallslegt frávik útseldra tíma frá áætlun

Í upphafi hvers árs er gert ráð fyrir að allir starfsmenn FSR geri áætlun um vinnu sína. Vinnutímar skulu annars vegar flokkaðir í “útselda tíma” og hins vegar í “innselda tíma” og innan hvors flokksins eru tímarnir síðan settir niður á ákveðin verkefni. Með útseldum tímum er átt við þá tíma sem FSR gerir reikninga fyrir til sinna verkkaupa, þ.e. einungis ráðuneyti og stofnanir þeirra, fyrir ýmiss konar þjónustu, bæði ráðgjöf og umsjón með framkvæmdum.



Á árinu 2010 varð mikill misbrestur á að starfsmenn fylltu út slíka áætlun og því ómögulegt að framkvæma þessa mælingu. Niðurstaðan er því rauður litur í skorkorti

4.1.7 Hlutfallslegt frávik innseldra tíma frá áætlun


Með innseldum tímum er átt við þá tíma sem starfsmenn FSR verja til innra starfs og þróunarvinnu af ýmsu tagi.

Það sama á við um þennan mælikvarða og þann í 4.1.6 að misbrestur varð á því að áætlanir væru gerðar og því ekki hægt að gera þessa mælingu.

5.0 INNRA STARF

5.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða víddarinnar um innra starf 2010 og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2010 sem sýnir víddina fyrir innra starf með markmiðum og mælikvörðum.

5.1.1 Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað

Fyrir árslok 2004 var gerður samningur við Vottun hf. um vottun gæðakerfis FSR. Ýmsar hindranir hafa verið í veginum á vottunarleiðinni en í upphafi ársins 2010 var stefnan sett á að gæðakerfi stofnunarinnar fengist vottað fyrir árslok.

Mikil vinna var lögð í endurskipulagningu gæðastjórnunarkerfisins, yfirferð skjala í kerfinu og samningu nýrra skjala sem nauðsynleg þóttu fyrir starfsemina.

Vottunarferlið fór af stað og voru öll gögn send vottunaraðila í nóvember 2010 og undirbúningur innri úttekta hafinn en markmiðið um vottun fyrir árslok náðist ekki og því er mælikvarðinn rauður.

5.1.2 Útbúið kynningarefni vegna afmælis FSR

Í tilefni 40 ára afmælis stofnunarinnar árið 2010 var áætlað að útbúa kynningarefni um starfsemina í gegnum tíðina og um framtíðarsýn hennar. Útgáfa þessa kynningarefnis átti einnig að haldast í hendur við þann áfanga að stofnunin fengi vottun á gæðakerfi sitt. Eins og fram kemur í mælikvarða 5.1.1 náðist ekki vottun og var ákveðið að fresta útgáfu þessa kynningarefnis.

Mæling þessa mælikvarða er því rauð.



5.1.5 Fjöldi fundargerða faghópa á Verkefnavefnum

Á árinu 2010 var eins og fyrri ár gert ráð fyrir vissum fundafjölda hjá hverjum faghópi yfir árið en faghópar innan FSR eru forstjóra til ráðgjafar á viðkomandi sviðum ásamt því sem þeir aðstoða við gerð mælikvarða fyrir Skorkort FSR á sínu sviði.

Gert var ráð fyrir einum fundi í mánuði. Til að efla upplýsingamiðlun innan stofnunarinnar var mælikvarðinn um fjölda fundargerða faghópa á verkefnavef settur upp.

Mælikvarðinn byggir á reiknuðu meðaltali fjölda funda á ári. Markmiðið er 100% eða tólf fundir en leyft frávik þannig að tíu fundir gæfu grænt. Átta fundir skyldu gefa gult svæði en færri rautt.

Niðurstaða ársins er að meðalfjöldi faghópsfunda er þrjú fundir yfir árið og því rauður litur í skorkorti. Þessi lélegi árangur er að hluta til vegna þess að formlegar fundargerðir hafa ekki alltaf verið gerðar og því ekki settar inn á verkefnavef.

6.0 MANNAUÐUR


6.1 Mælikvarðar

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða mannauðsvíddarinnar 2010 og stöðu hvers um sig á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

6.1.1 Fjöldi starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda

Þessi mælikvarði, sem skoðaður er einu sinni á ári, sýnir fjölda starfsmannasamtala á ári sem hlutfall af starfsmannafjölda. Mælikvarðinn er grænn ef rætt er við a.m.k. 80% starfsmanna og gulur ef hlutfallið er milli 60 og 80%.

Mikil umskipti urðu frá fyrra ári þegar engin starfsmannasamtöl fóru fram því á árinu 2010 reyndust 90% starfsmanna hafa farið í starfsmannaviðtal.



Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2010, sem sýnir mannauðsvíddina með markmiðum og mælikvörðum.

6.1.2 Áætla hverjum starfsmanni fjármagn til símenntunar

Þessi mælikvarði er skoðaður í upphafi hvers árs og mælir hvort áætlað hefur verið fyrir símenntun í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir nýbyrjað ár. Mælt er af/á, þannig að til að svæðið haldist grænt þarf svarið að vera já.

Gert var ráð fyrir þessu í áætlun fyrir árið 2010 og er mælikvarðinn því grænn.

Mælikvarðinn verður skoðaður einu sinni og fæst grænn litur fyrir tvo fundi, gulur fyrir einn fund en rauður ef enginn fundur er haldinn. Niðurstaðan var að báðir fundir voru haldnir og því er mælikvarðinn grænn fyrir árið.

6.1.3 Fundir með verkefnastjórum um framkvæmd og eftirfylgni öryggisáætlana

Í samræmi við markmiðið um að viðhalda og efla sérþekkingu innan FSR vildil stofnunin gera sérstakt átak í að efla þekkingu verkefnastjóra í gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana. Halda skyldi amk. tvo fundi verkefnastjóra fyrir 31. maí 2010 um framkvæmd og eftirfylgni öryggisáætlana á verkstað. Á annan fundinn skyldi fenginn eftirlitsmaður frá Vinnueftirlitinu sem sinnir eftirliti á verkframkvæmdastað.

7.0 FRUMKVÆÐI

Hér á eftir verður fjallað um hvern mælikvarða frumkvæðisvíddarinnar og stöðu hans á árinu. Einnig er sýnt hvernig skorkort FSR lítur út fyrir víddina.

7.1 Mælikvarðar

▶	E. Frumkvæði
▶	E.1. Stuðla að vönduðum undirbúningi framkvæmda
▶	Aukin gæði þjónustu og hagræðing hjá FSR í vinnslu frumathugana með markvissum og samræmdum vinnubrögðum.
▶	Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (5 stk.)
▶	Þróun samstarfs við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar og um innihald og framsetningu ráðgjafasamninga.
▶	Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (86 %)
▶	E.2. Stuðla að þróun ráðgjafa- og verktakamarkaðar
▼	Almennum öryggisreglum sé framfylgt á verkstað
▼	Öryggisfulltrúi FSR kannar framfylgni öryggisreglna á verkstöðum (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (30 %)
▼	Verklagsregla um notkun öryggisbúnaðar á verkstað (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (0 af/á)
▶	Auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að til séu öruggari upplýsingar til grundvallar á framkvæmdum.
▶	Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (100 %)
▶	Styrkja samstarf um innleiðingu BIM á Íslandi
▶	Innleiðing BIM. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	Janúar - Mars (6 fundir)
■	Apríl - Júní (6 fundir)
■	Júlí - September (6 fundir)
▶	Fylgja eftir að verktakar skili ÖHU-áætlun fyrir öll verk.
▶	Öryggisfulltrúi gerir úttekt á ÖHU áætlunum (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (2 Fjöldi)
▶	ÖHU áætlanir í verkum (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (100 %)
▶	Áframhaldandi innleiðing gæðastjórnunar í hönnun og verklegum framkvæmdum.
▼	Fundir með samstarfsaðilum. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (0 af/á)
▶	Gæðabókhalda hönnuða og verktaka. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (90 %)
▼	Kynna markmið FSR um slysalausa vinnustaði
▼	Fundur FSR með fulltrúum SI til að kynna markmið FSR um slysalausa vinnustaði (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (0 af/á)
▼	E.3. Sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni
▼	Öll útseld verk sem eru yfir 30 milljónum króna fari á Verkefnavefinn.
▼	Fjöldi verka á Verkefnavef. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (75 %)
▶	E.4. Stuðla að gerð og útgáfu viðmiðana.
▶	Sýna frumkvæði í umhverfismálum með því að minnka orkunotkun innan FSR frá árinu 2009.
▶	Minnkuð orkunotkun. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (2 Stig)
▶	Aukið hlutfall verkefna með umhverfisstefnu.
▶	Árlegt hlutfall verkefna með umhverfisstefnu í verksamningi miðað við árið áður. (Anna Sigríður Guðnadóttir)
■	2010 (23 %)

Skjámynd af síðu Skorkorts FSR árið 2010, sem sýnir frumkvæðisvíddina með markmiðum og mælikvörðum.

7.1.1 Gerð flæðirit og stöðluð form fyrir frumathuganir

Í samræmi við markmiðið um aukin gæði og hagræðingu í vinnslu frumathugana var ákveðið að á árinu yrðu endurskoðuð stöðluð form, leiðbeiningar útbúnar og yfirlit yfir þau gögn sem til eru um frumathugun í GoPro, S-drifi og í Rekstrarhandbók, sex form alls.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á árinu. Fimm form eða fleiri gefa grænan lit, 3 gefa gulan annars verður mælikvarðinn rauður.

Niðurstaða mælingar ársins var að 5 verk-efnum var lokið og því er mælikvarðinn grænn.

7.1.2 Hlutfall umsagna um áætlunargerð þar sem FSR kemur að málum

Markmið FSR er að þróa samstarf við verkkaupa um framkvæmd áætlunargerðar, innihald og framsetningu ráðgjafasamninga. Til að mæla árangur við innleiðingu þess vinnulags eru taldar þær umsagnir sem FSR vinnur yfir árið.

Mælikvarðinn er skoðaður árlega og hafi FSR gert umsagnir í 80% tilvika eða fleiri fæst grænn litur, ef hlutfallið fer niður í 70% fæst gulur litur annars rauður.

Niðurstaða ársins er að hlutfallið er 86% og því er mælikvarðinn grænn.

7.1.3 Öryggisfulltrúi FSR kannar framfylgni öryggisreglna á verkstöðum

FSR leggur áherslu á að öryggisreglum sé framfylgt á verkstað til að draga sem mest úr slyshættu. Til að ná því markmiði var áætlað að öryggisfulltrúi FSR heimsækti hvern verkstað einu sinni og skoðaði hvort almennum öryggisreglum væri framfylgt og gæfi umsögn. Heimsókn á 90% eða fleiri verkstaða gefur grænt, 75-89% gefur gult, færri rautt.

Verkstaðir voru tíu talsins og fór öryggisfulltrúi í heimsókn á þrjá þeirra eða 30%. Þannig er litur skorkort rauður fyrir árið 2010.

7.1.4 Verklagsregla um notkun öryggisbúnaðar á verkstað

Í samræmi við þá áherslu sem FSR leggur á að draga úr slyshættu var ákveðið að öryggisfulltrúi FSR útbyggji verklagsreglu um notkun öryggisbúnaðar á verkstað. Verklagsregla þessi átti að vera tilbúin fyrir 1. júlí 2010.

Niðurstaðan var að ekki tókst að útbúa verklagsregluna og er því mælikvarðinn rauður.

7.1.5 Viðhald og þróun kostnaðarbanka FSR

FSR telur mikilvægt að auka trúverðugleika og nákvæmni kostnaðaráætlana þannig að það séu til öruggari upplýsingar á grundvallarframkvæmdum, slíkt er meðal annars gert með því að viðhalda og þróa kostnaðarbanka FSR.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á ári og er hlutfall verka sem hafa verið uppfærð í kostnaðarbankann. Stefnt er að 100% árangri en leyfð 5% frávik fyrir grænt svæði og 15% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar ársins er 100% árangur og fær mælikvarðinn því grænan lit.

7.1.6 Innleiðing BIM

Innleiðing BIM á Íslandi er mikið átaksverkefni sem FSR hefur leitt til þessa. Til að fylgjast með árangri við innleiðingu var talinn fjöldi funda BIM Ísland sem FSR tekur þátt í. Gert var ráð fyrir sex fundum ársfjórðungslega, fimm fundir gæfu græna mælingu, þrjár gæfu gula en færri rauða.

Mæling leiðir í ljós að sex fundir voru haldnir á hverjum ársfjórðungi og er því mælikvarðinn grænn.

7.1.7 Öryggisfulltrúi gerir úttekt á ÖHU áætlunum

FSR leggur áherslu á að ÖHU áætlanir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Mælikvarðinn gerði ráð fyrir að öryggisfulltrúi FSR kallaði inn af handahófi a.m.k. 3 ÖHU áætlanir í ólíkum verkum, færi yfir þær og gerði athugasemdir og/eða gæfi ábendingar um það sem betur mætti fara. Fyrir þrjár yfirfarnar áætlanir fengist grænn litur, gulur fyrir tvær áætlanir annars rauður.

Niðurstaða ársins var að öryggisfulltrúi innkallaði og fór yfir tvær áætlanir og því er litur mælikvarðans gulur.

7.1.8 ÖHU áætlanir í verkum

FSR tekur þátt í innleiðingu og þróun öryggisheilbrigðis- og umhverfismála (vinnuumhverfi) í íslenskum byggingariðnaði. Stefnt er að því að ofangreindar áætlanir séu gerðar í öllum verkum. Stefnt er að því að auka samstarf við aðra verkkaupa á þessu sviði sem og Vinnu-málastofnun.

Mælikvarðinn gerir ráð fyrir að verkefnastjórar gefi yfirlit um verk sem þeir eru ábyrgir fyrir og hvort verktaki hafi skilað ÖHU áætlun. Mælikvarðinn er skoðaður árlega og er stefnt að 100% árangri. Leyft er þó 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult.

Niðurstaða mælingar ársins er að ÖHU áætlanir voru gerðar í öllum verkum og því er mælikvarðinn grænn.

7.1.9 Fundir með samstarfsaðilum

Frá árinu 2003 hafa verið gerðar kröfur í útboðsverkum á vegum FSR um að verktakar vinni í anda gæðastjórnunar. Mjög misjafnt er hvernig verktökum hefur tekist að uppfylla þessar kröfur, en mikið hefur þó áunnist á síðastliðnum árum. Til að uppfylla það markmið að innleiða gæðastjórnun í hönnun og verklegum framkvæmdum var áætlaður einn fundur faghóps 3365 Gæðastjórnun - þróun með fulltrúum Samtaka iðnaðarins þar sem stefna FSR í gæðastjórnun skyldi kynnt. Grænn litur fengist fyrir fund en annars yrði litur skorkorts rauður.

Niðurstaða ársins er að enginn fundur var haldinn og því er mælikvarðinn rauður í skorkorti ársins.

7.1.10 Gæðabókhald hönnuða og verktaka

Hönnuðir og verktakar eiga, í verkum sem FSR hefur umsjón með, að skila í upphafi verkefnis svonefndri verkmöppu gæðakerfis. Á árinu 2010 átti að halda áfram að koma þessu kerfi í eðlilegan farveg þannig að verkmöppurnar verði lifandi gögn á verkstað.

Mælikvarðinn er skoðaður einu sinni á árinu og gefa verkmöppur gæðakerfa í 90% fram-

kvæmda grænt svæði, í 80-90% framkvæmda verður liturinn gulur en annars rauður.

Niðurstaða ársins var 90% og liturinn grænn.



7.1.11 Fundur FSR með fulltrúum SI til að kynna markmið FSR um slysalausa vinnustaði

FSR stefnir að því með markvissum hætti að allir vinnustaðir í verkum sem FSR hefur umsjón og eftirlit með verði slysalausir. Mælikvarðinn er að haldinn verður fundur með fulltrúum SI og kynnt hvernig FSR hyggst stuðla að slysalausum vinnustöðum. Mælikvarðinn er skoðaður árlega og gefur fundur grænt svæði annars rautt.

Enginn fundur var haldinn árið 2010 svo niðurstaða ársins er rauður mælikvarði.

7.1.12 Fjöldi verka á Verkefnavef

Öll útseld verk, yfir 30 milljónum, sem FSR hefur umsjón með eiga að vera vistuð á Verkefnavef. Þessum mælikvarða er ætlað að bera saman fjölda virkra verka á vefnum og fjölda virkra verka í verkþókhaldi sem fara yfir 30 milljónir króna. Mælingin fer fram einu sinni á ári og er stefnt að 100% árangri. Leyfð eru þó 10% frávik fyrir grænt svæði og 20% fyrir gult.

Á árinu 2010 voru 20 virk verk í verkþókhaldi yfir 30 milljónum og af þeim voru 15 á verkefnavef eða 75%. Mælikvarðinn er því rauður fyrir árið.

7.1.13 Minnkuð orkunotkun

Framkvæmdasýslan ætlaði að sýna frumkvæði í umhverfismálum með því að minnka orkunotkun innan FSR á árinu 2010 miðað við árið 2009.

Mælingin er árleg innkaup orku á hvern starfsmann miðað við árið áður. Minni innkaup á orku árið 2010 miðað við 2009 gefa grænt svæði, óbreytt innkaup á orku gefa gult og meiri innkaup orku gefa rautt.

Niðurstaða mælingar fyrir árið 2010 er að orkuinnkaup FSR minnkuðu á árinu og næst því grænn litur á mælikvarðann.

7.1.14 Árlegt hlutfall verkefna með umhverfisstefnu í verksamningi miðað við árið áður

FSR stefndi að því á árinu að sýna frumkvæði í því að koma byggingaverkefnum á hennar vegum í gegnum vistvænt vottunarferli. Í þessu sambandi verður hvatt til þess að settar verði upp umhverfisstefna í verkefnum.

Mælikvarðinn ber saman fjölda verka með umhverfisstefnu milli áranna 2009 og 2010. Aukning upp á 40% eða meira á milli ára gefur

grænt svæði. Aukning upp á 20-40% gefur gult svæði og minna en 20% gefur rautt.

Niðurstaða ársins er að aukningin milli ára er 23% svo mælikvarðinn er gulur árið 2010.



8.0 Samanburður rauntalna við rekstraráætlun fyrir árið 2010

Hér að neðan má sjá samanburð rauntalna við rekstraráætlun Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir árið 2010. Í köflum 8.1 til 8.10 verður fjallað nánar um hvern greiðslulið.

Áætlun	Rekstrarliður	Rauntölur	Frávik
108.950.686	Dagvinna	118.510.382	9%
1.851.300	Aukagreiðslur	1.814.826	-2%
11.261.812	Yfirvinna	4.901.547	-56%
25.401.479	Launatengd gjöld	27.058.173	7%
147.465.277	Samtals	152.284.928	3%
3.500.000	Fundir, námskeið og risna	3.771.138	8%
1.600.000	Ferða- og dvalarkostn. inn.	1.797.062	12%
3.500.000	Ferða- og dvalarkostn. erl.	1.888.307	-46%
5.000.000	Akstur	8.408.138	68%
13.600.000	Ferðir o.fl.	15.864.645	17%
250.000	Tímarit, blöð og bækur	262.178	5%
1.625.000	Skritst.vörur og áhöld	1.595.353	-2%
625.000	Aðrar vörur	619.669	-1%
2.500.000	Rekstrarvörur samtals	2.477.200	-1%
1.500.000	Önnur sérfræðiþj.	3.973.827	165%
6.394.723	Tölvu- og kerfisfræðiþj.	10.049.726	57%
1.700.000	Prentun, póstur og augl.	632.798	-63%
6.000.000	Sími og ýmis leigugjöld	8.682.893	45%
15.594.723	Þjónusta	23.339.244	50%
100.000	Verkkaup og byggingarvörur	177.220	77%
250.000	Rafmagn og heitt vatn	254.720	2%
7.000.000	Húsaleiga, aðk. ræsting Fasteignagjöld og tryggingar	7.067.379	1%
7.350.000	Húsnæðiskostnaður	7.499.319	2%
100.000	Verkstæði og varahlutir		
100.000	Brennsluefni og olíur	162.096	62%
100.000	Tryggingar og skattar	115.604	16%
200.000	Bifreiðar og vélar samt.	277.700	39%
1.000.000	Skattar, fjármagnskostn.	1.616.338	62%
1.800.000	Eignakaup	3.271.823	82%
	Tilfærslur	550.000	-
189.510.000	Rekstrarkostnaður alls	207.181.197	9%
-186.910.000	Sértekjur	-216.874.284	16%
-2.600.000	Markaðar tekjur Aðrar rekstrartekjur	-1.400.000	-46%
-189.510.000	Tekjur alls	-218.274.284	15%
0	Tekjur umfram gjöld	11.093.087	

8.1 Laun

Á árinu 2010 varð nokkur viðbót á starfsfólki. Anna Bragina hætti störfum í júní og Björn Hallgrímsson í nóvember. Þá sneri aftur til starfa hjá stofnuninni Gíslína Guðmundsdóttir, arkitekt, tímabundið. Í desember hófu störf tveir arkitektar til viðbótar, Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson, auk þess sem Gíslína fékk endurráðningu og gerði ótímabundinn starfs-samning. Yfirvinnubann hefur haldist samkvæmt tilmælum frá fjármálaráðuneytinu. Rauntölur ársins 2010 vegna heildarlauna fóru 3% fram úr áætlun, sem er raunar lækkun á meðallaunum á starfsmann vegna þess að stöðugildum fjölgaði.

8.2 Ferðir og fundir

Ferðakostnaður innanlands stafar aðallega af ferðum stjórnenda FSR á fundi eða vígslur mannvirkja úti á landi. Á þennan lið bókast nú líka ferðir starfsmanna vegna verka sem eru svo gjaldfærð á verkin þ.a. þau mynda tekjur á móti. Þessi liður var því eðlilega nokkuð yfir áætlun.

Framkvæmdasýsla ríkisins er aðili að norrænu samstarfi, eins og NKS, NKU og NBD auk annars Evrópusamstarfs. Þetta samstarf kallar á ferðir til útlanda á fundi og ráðstefnur. Kostnaður vegna ferða til útlanda varð 46% undir áætlun, enda markvisst verið dregið úr ferðum vegna tilmæla frá fjármálaráðuneytinu. Kostnaður vegna aksturs starfsmanna jókst um 68%. Reiknað hafði verið með meiri notkun bílaleigu í stað eigin bíla, eftir að aksturs-samningar voru felldir niður að forsögn fjármálaráðuneytisins og starfsmönnum aðeins greiddir eknir kílómetrar. Þessi kostnaður er þó ekki raunkostnaður stofnunarinnar þar sem tekjur koma á móti þessum kostnaði.

8.3 Almennar rekstrarvörur

Þessi liður er nokkuð vel á áætlun, eða 1% undir henni, enda hefur verið gætt aðhalds í hvívetna.

8.4 Aðkeypt þjónusta

Flestir liðir aðkeyptrar þjónustu komu út talsvert fyrir ofan áætlun og var rauntalan 50% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Mestu munar þar um óvæntan viðbótarkostnað við innleiðingu á fjárhags- og bókhaldskerfinu Orra ásamt viðbótarkostnaði vegna ferlis til vottunar á gæðakerfi stofnunarinnar.

8.5 Húsnæði

Framkvæmdasýsla ríkisins er til húsa í Borgartúni 7A. Áætlaður kostnaður vegna húsnæðis var nokkuð raunhæfur og endaði í 2% yfir áætlun.

8.6 Bifreiðar og vélar

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur eina bifreið á rekstrarleigu. Rekstur bifreiðarinnar hefur verið töluvert kostnaðarsamari en ráð var fyrir gert sem skýrist að mestu leyti af almennum verðhækkunum.

8.7 Vextir, skattar og afskriftir

Kostnaður vegna dráttar á uppgjöri verks lenti á FSR og olli því að þessi liður fór fram úr áætlun.

8.8 Eignakaup

Eignakaup urðu nokkru meiri á árinu en gert hafði verið ráð fyrir og skýrist það að mestu af tölvukaupum vegna fjölgunar starfsmanna.

8.9 Tekjur

Tekjur Framkvæmdasýslunnar voru ríflega 218 milljónir króna á árinu 2010 sem er 15% yfir áætluðum tekjum. Þar af voru einungis 1,4 milljónir króna á fjárlögum, lækkun varð á framlaginu frá því sem áætlað hafði verið, 2,6 milljónum, svipað og fyrri ár en sú fjárhæð hafði verið 2,7 milljónir króna um árabíl.

8.10 Niðurstaða ársins

Niðurstaða rekstrar Framkvæmdasýslu ríkisins árið 2010 er því jákvæð um 11 milljónir króna.



9.0 LOKAORÐ

Árið 2010 var í nokkuð hefðbundnum farvegi hjá Framkvæmdasýslunni, þrátt fyrir að ýmsar róttækar breytingar hafi átt sér stað í opinberum rekstri og niðurskurður útgjalda hafi verið mikill.

Ýmsum verklegum framkvæmdum, sem settar höfðu verið af stað fyrir hrun efnahagskerfisins, var lokið á árinu. Þá jókst vinna stofnunarinnar við ýmiss konar athuganir og greiningar á húsnæðisþörf ráðuneyta og stofnana í tengslum við sameiningar þeirra.

Það er von höfunda að skýrsla þessi gefi lesendum gott yfirlit yfir starfsemi Framkvæmdasýslu ríkisins á árinu 2010.

Reykjavík, 4. maí 2011



Dagbjartur H. Guðmundsson
staðgengill forstjóra